



FUNDARGERÐ

268. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ mánudaginn
30. september 2019 kl. 12:00.

Mætt eru: Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir, Ívar Hafliðason, varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Gunnar Jónsson.

Jón Jónsson, lögmaður sat fundinn undir lið 1.

Magnús Jónsson frá KPMG og Fjóla Sigurðardóttir, starfsmaður HEF sátu fundinn undir lið 2.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. 8 mánaða uppgjör.
3. Önnur mál.
 - Skjólgarður, niðurstaða útboðs.
 - Verkefni við Tjarnarbraut, á leið í útboð.
 - Gjaldskrárhækkun hitaveitu.

Ágústa Björnsdóttir, varaformaður, stýrði fundi.

1. Starfsmannamál.

Í vinnslu.

Fært í trúnaðarmálabók.

2. 8 mánaða uppgjör.

Magnús Jónsson frá KPMG kynnti drög að árshlutareikningi og starfsþáttayfirliti HEF fyrir fyrstu 8 mánuði ársins. Einnig sat Fjóla Sigurðardóttir, starfsmaður HEF undir þessum lið og svaraði spurningum.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra og endurskoðanda falið að afla frekari upplýsinga í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund.

Stjórn gerir ráð fyrir að afgreiða 8 mánaða uppgjörið á næsta fundi.

3. Önnur mál.

a) Fyrir liggur niðurstaða útboðs vegna framkvæmda í Skjólgarði.

Tvö tilboð bárust. Lægra tilboð var frá Austurverki ehf.

Stefnt er að því að verkið verði klárað í desember.

b) Verkefni við íþróttahúsið að Tjarnarbraut, endurnýjun regnvatnslagna, er tilbúið í útboð.

c) Gjaldskrárhækkun hitaveitu.

Tölvupóstur barst framkvæmdastjóra HEF 20. sept. 2019 frá bærarstjóra Fljótsdalshéraðs þar sem hann fer þess á leit við stjórn HEF að hún endurskoði ákvörðun sína varðandi gjaldskrárhækkun hitaveitu samkvæmt bókun stjórnar á fundi 12. september.

Vegna þessa sendi framkvæmdastjóri HEF ekki inn erindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, varðandi ákvörðun stjórnar um gjaldskrárhækkun hitaveitu, sem honum var falið að gera á síðasta fundi.

Niðurstaða: Stjórn HEF tekur málið upp á næsta stjórnarfundi.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.